

### Lánamál ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðherra fer með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð. Samkvæmt heimild í lögum hefur hann samið við Seðlabanka Íslands um framkvæmd lánamála. Sú deild innan Seðlabanka Íslands sem sér um framkvæmdina er Lánamál ríkisins.

### Markmið

Markmið Lánamála ríkisins sem útgefanda f.h. ríkissjóðs er að eiga góð og regluleg samskipti við stærstu fjárfesta ríkisskuldabréfa. Áhersla er lögð á að eiga frumkvæði í samskiptum við þá og halda þeim vel upplýstum um lánamál ríkissjóðs. Góð fjárfestatengsl ásamt öflugri upplýsingamiðlun auðveldar ríkissjóði að mæta eftirspurn fjárfesta, stuðla að aðgengi að fjármagni og lækka lántökukostnað ríkissjóðs.

### Upplýsingagjöf um lánamál

Lánamál ríkisins í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið sinnir öflugri fréttáútgáfu til að upplýsa fjárfesta um ýmsa þætti er varða lánamál ríkissjóðs. Allar fréttir eru sendar út samtímis á íslensku og ensku og eiga fjárfestar kost á því að gerast áskrifendur að þeim. Eftirfarandi upplýsingar um lánamál eru veittar:

*Stefna í lánamálum ríkissjóðs* næstu fjögur ár er birt árlega á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þar koma fram markmið og viðmið sem ráðuneytið setur í lánastýringu og útgáfuáætlun.

*Ársáætlun í lánamálum* er birt í lok hvers árs og er m.a. ætlað að veita fjárfestum upplýsingar um útgáfumagn, útgefna flokka og aðrar áherslur ríkissjóðs í lánamálum á komandi ári.

*Ársfjórðungsáætlun í lánamálum* er birt í lok hvers ársfjórðungs og veitir upplýsingar um fyrirhugaða útgáfu eftir flokkum fyrir komandi ársfjórðung.

*Markaðsupplýsingar* er mánaðarrit þar sem birtar eru helstu upplýsingar um skuldir ríkissjóðs og ríkisábyrgðir. Rannsóknargreinar eru birtar sem aukarit með Markaðsupplýsingum.

*Fréttatilkynningar* vegna útboða eru sendar út að minnsta kosti einum virkum degi fyrir útboð. Aðrar fréttatilkynningar sem sendar eru út fjalla meðal annars um aðalmiðlarasamninga, verðbréfalán, tilkynningar frá matsfyrirtækjum o.fl.



## Upplýsingamiðlun

Lánamál ríkisins miðla upplýsingum með ýmsum hætti og gæta þess að fjárfestar hafi jafnt aðgengi að þeim. Því eru allar opinberar fréttatilkynningar um lánamál sendar samtímis út á íslensku og ensku í gegnum viðurkennda fréttaveitu sem dreifir þeim áfram. Aðrar leiðir við að dreifa upplýsingum eru:

*Lanamal.is* er aðalvefsíða Lánamála ríkisins. Þar er hægt að nálgast allar fréttatilkynningar sem Lánamál ríkisins senda frá sér á íslensku og ensku. Þar er líka að finna upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir fagfjárfesta t.d. útboðsdagatal, mánaðarlegar Markaðsupplýsingar, lýsingu, útreikning og lifandi verð með 15 mínútna töf á útgefnum flokkum í kauphöll.

*Bonds.is* er annar vefur sem Lánamál ríkisins halda úti. Hann er einungis á ensku enda fyrst og fremst ætlaður fyrir erlenda fjárfesta sem áhuga hafa á íslenskum skuldabréfamarkaði.

*Bloomberg* síða Lánamála ríkisins er <ICDO>. Þar birtast ýmsar upplýsingar um lánamál svo sem fréttatilkynningar, upplýsingar um verðlagningu skuldabréfa ásamt upplýsingum um vaxtakúrfur og skuldatryggingaálag íslenska ríkisins.

## Samskipti við fjárfesta

Af *innlendum fjárfestum* eru mest samskipti við aðalmiðlara. Aðalmiðlarar eru jafnframt milliliður Lánamála ríkisins og fjárfesta ríkisverðbréfa í krónum og hafa einir rétt á þátttöku í útboðum ríkisverðbréfa og aðgang að fyrirgreiðslu sem Lánamál ríkisins veita. Hlutverk þeirra er að viðhalda viðskiptavakt á eftirmarkaði til að tryggja seljanleika með bréfin. Aðalmiðlarar gera samning til eins árs í senn. Ársfjórðungslega eru fundir með þeim þar sem m.a. er farið yfir stöðu og horfur á innlendum skuldabréfamarkaði Einnig eru Lánamál ríkisins daglega í óformlegum samskiptum við þá m.a. til að fá skýringar á verðbreytingum sem verða á markaði sem síðar hjálpar til við ákvarðanir í útgáfumálum.

Síðustu mánuði ársins er fundað með stærstu lífeyrissjóðunum, fjárstýringum bankanna, verðbréfa-, fjárfestinga- og vogunarsjóðum. Markmiðið með fundunum er að fá fram skoðanir og sjónarmið stærstu kaupenda innlendra ríkisskuldabréfa áður en ársáætlun í lánamálum er gefin út. Í ársbyrjun er síðan ársáætlunin kynnt fjölmiðlum og greiningaraðilum bankanna.

Samskipti við *erlenda fjárfesta* fer m.a. fram með kynningarferðum, bæði í tengslum við fjármögnun á alþjóðlegum lánamörkuðum og almennum kynningum á þróun og horfum í íslensku efnahagslífi og ríkisfjármálum.